

Hreiðar Stefánsson – „Tröllin í tilverunni“:

„Sögur mínar nær allar sóttar í veruleikann“

Hreiðar Stefánsson er einn af kunnari barna- og unglingabóka höfundum landsins. Rithöfundarferill hans er nú orðinn 40 ára og lengst af hefur hann ritað bækur sínar í samvinnu við eiginkonu sína, Jennu Jensdóttur, og barnabækur eftir þau Jennu og Hreiðar eru til á mörgum heimilum. Árið 1975 hættu þau samstarfinu, Jenna gaf þá út ljóðabók, en Hreiðar hélt áfram að rita fyrir unga fólk. Síðan hefur hann sent frá sér fjórar bækur. Sú síðasta er til umræðu hér, hún heitir „Tröllin í tilverunni“ og kom út nú fyrir skömmu.

Bækur þeirra Jennu og Hreiðars hafa fengið góðar viðtökur, Óddubækurnar, þær kunnustu hafa komið út í 50.000 eintökum frá upphafi, en þær eru sjö talsins. Saman fengu þau hjónin viðurkenningu fyrir bestu frumsömdu barnabókina árið 1972 og var það Fræðsluráð Reykjavíkur sem veitti. Sama ráð veitti Hreiðari síðan viðurkenningu fyrir bestu frumsömdu barnabókina árið 1980. 1974 fengu hjónin styrk úr Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins.

Mbl. spurði Hreiðar um hvað „Tröllin í tilverunni“ fjallaði:

„Sögur mínar eru nær allar sóttar í veruleikann og sögurnar í „Tröllin í tilverunni“ eru þar engin undantekning. Allar nema ein byggjast þær á reynslu minni er ég var barn á Akureyri. Ég skynjaði fyrst sem fullorðinn



Hreiðar Stefánsson

maður, að við vorum oft í lífs-háská, börnin, þar sem við lékum okkur frjáls og áhyggjulaus. Og það er í raun og veru dásamlegt, þegar maður hugsar um það fullorðinn, að við leiksytkinin skyldum sleppa frá þessum tröllum í tilverunni, ísnum, snjónum og ánni.

Aftur á móti var sagan „Grösin í glugghúsinu“ harmsaga, vegna þess að það gerðist svo margt sorglegt í raunveruleikanum. Ég reyni að vera heiðarlegur gagnvart sögupersónum mínum og læt þær þróast í samræmi við eðli sitt og aðstæður.“

Hvernig eiga góðar barnasögur að vera?

„Það er nú vandi að gefa forskrift þar um. Sögur fyrir börn

eiga að vera skemmtilegar og vel sagðar. Það er staðreynd að börnum er svo eiginlegt að sjá björtu hliðarnar á lifinu, að gleði þeirra er í raun og veru smitandi.

Er þau segja okkur, sem eldri erum, sögur, gefa þau okkur oft mikla lífsspeki ef við erum reiðubúin að skynja hana í barnlegri frásögn þeirra. Viljum við sýna þeim virðingu, þá hljótum við að taka tillit til alls þessa er ég nefndi hér áður, þegar við ritum sögur fyrir þau.

Í óstöðugu þjóðfélagi okkar undanfarna áratugi, hafa ýmis hugmyndafræðileg fyrirbrigði skotið upp kollinum, einnig í barnabókum. Við þessu er allt gott að segja. Eins og allt sem ekki er í samræmi við náttúruleg málið og lífið sjálft, deyja þessar stefnur út og aðrar koma í staðinn. Lífið er í sífelldri hringrás milli ólíkra afla.“

En hvað um útgáfu barnabóka í ár?

„Ég held að það komi milli 15 og 20 bækur eftir íslenska höfundar, og fjölmargar þýddar bækur. En sú árátta íslenskra lesenda að meta barnabækur minna en aðrar bókmenntir, er furðu lífseig. Þó held ég nú að þetta sé að breytast og sá hugsunarháttur annarra þjóða, að barnabækur séu ekki síður mikilvægar, sé nú að síast inn í þjóðarsálina, þó hægt fari.

— gg.


Vandað vetrarhefti Iceland Review

Vetrarhefti Iceland Review er komið út litskrúðugt að vanda og hefur að geyma hið fjölbreytilegasta efni á 100 blaðsíðum. Þar er meðal annars að finna viðtal við Leif Magnússon um svifflug á Íslandi, grein um listvefnað Asgerðar Búadóttur, viðtal við Kjartan Ragnarsson leikritahöfund grein um Halldór Laxness, frásögn af landnámi Íslendinga á Grænlandi og þannig mætti lengi telja.

Meðal höfunda efnis í þessu hefti eru Aðalsteinn Ingólfsson, Gunnar Salvarsson, Magdalena Schram, Sigurður A. Magnússon og Páll Magnússon. Einnig er að finna smásögu eftir Guðmund G. Hagn.

Að venju eru í ritinu fjöldi litmynda m.a. myndaraðir frá ferðalagi hestamanna yfir íslenska hálendið og frá 17. júní-hátíðahöldum í Reykjavík.

Í ár var brugðið út af þeirri 20 ára gömlu venju að gefa tímaritið út ársfjórðungslega og voru þess í stað gefin út tvö öllu viðameiri hefti. Ákveðið hefur verið að taka aftur upp ársfjórðungslega útgáfu



á næstu ári vegna mikils fjölda til-mæla áskrifenda erlendis, sem óska eftir tíðari útkomu þótt ritið verði minna hverju sinni.

Ritstjóri og útgefandi Iceland Review er sem fyrr Haraldur J. Hamar, en Auglýsingastofan hf. sá um hönnun og útlit.

Tvö lög Karls Jónatanssonar á hljómplötu

Ný hljómplata Karls Jónatanssonar er væntanleg á jólamarkaðinn einhvern næstu daga. Þar eru á ferðinni aðeins tvö lög bæði eftir Karl Jónatansson. Karlakór Akureyrar syngur bæði lögin og undirleik annast 10 manna hljómsveit undir stjórn Karls. Annað lagið er Bóndavalsinn við ljóð Jónasar Friðriks Guðnasonar. Þótti höfundum tími til kominn að bændur

eignuðust sinn vals (og þó fyrr hefði verið). Hitt lagið tileinkar höfundur æskustöðvum sínum, Akureyri og nágrenni, með rómantísku ljóði eftir Einar Kristjánsson frá Hermundarfelli (Bærinn okkar Akureyri). Öll upptaka var unnin í Studio Bimbo á Akureyri. Að öðru leyti er platan unnin í Skandinavíu. Umslag hannaði Jónatan Karlsson.

Björgunarhundasveit Íslands:

Biður um leyfi til hundahalds í Hafnarfirði

Björgunarhundasveit Íslands hefur sótt um leyfi til að fá að halda þrjá hunda í Hafnarfirði. Sveitin hefur fengið leyfi til hundahalds í Reykjavík.

Formaður Björgunarhundasveitarinnar er Kjartan Guðmundsson og sagði hann í samtali við Mbl. að sveitin hefði verið stofnuð fyrir tæpum tveimur árum. Í henni væru menn úr öllum landsfjórðungum. Sveitin er stofnuð að norskri fyrirmynd, og strangar reglur eru varðandi inngöngu í sveitina, í hana er sótt eftir fólki sem er reiðubúið að vinna með hunda, en ekki fólki sem aðeins vill halda hund.

Félagar í sveitinni þjálfar hunda sína eftir sérstökum aðferðum í svæðaleit, sporaleit og snjóflóða- og rústaleit. Aðal æfingasvæðið er skammt frá Heiðmerkurhlöðinu. Í byrjun voru 45 félagar í sveitinni en stærstur hluti þeirra hefur helzt úr lestinni að sögn Kjartans, sem sagði ástæðuna þá að ekki væru allir tilbúnir að leggja á sig þá miklu vinnu sem fælist í daglegri þjálfun hundanna. Auk þess að þjálfar hundana þurfa mennirnir sjálfir að læra að rata og að ganga á skíðum.

Þá sagði Kjartan að von væri á tveimur Norðmönnum til landsins til að taka út hundana og dæma þá í flokka. Björgunarhundar eru flokkaðir í þrjá flokka eftir getu, og er talið í Noregi að þrjú ár taki að þjálfar hund upp í A-flokk. Vonast er til að þrír hundar komist í B-flokk í skoðun Norðmannanna.

LUXADOR

LUXADOR vattstungnir frakkar í nýstárlegu sniði. Fjölbreytt litaúrval.

FRÁBÆRIR kuldajakkar úr olíuborinni bómull og með hettu í kraganum.

AUGLÝSINGASTOFA KRISTINAR HF. 7.196

ADALSTRÆTI 4

herra húsið

BANKASTRÆTI 7